



## Breyting á tveimur sérreglum í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Hornstrandir

Á 1136. fundi bæjarráðs, þann 11. janúar 2021, var lagður fram tölvupóstur og erindi, Þórdísar Bjartar Sigbórsdóttur, sérfræðings hjá Umhverfisstofnun, dags. 7. janúar 2021, þar sem fram kemur að Umhverfisstofnun áformar að leggja fram tillögur að breytingum á tveimur af 15 sérreglum sem settar eru fram í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Hornstrandir sem kom út árið 2019. Óskað er eftir ábendingum og athugasemdum frá Ísafjarðarbæ ef einhverjar eru. Frestur er til 18. febrúar 2021.

Bókun bæjarráðs var eftirfarandi: „Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við reglu nr. 10 um lendingar flugvéla innan friðlandsins, en telur framkomna tillögu af sérreglu nr. 2. of íþyngjandi. Þá vísar bæjarráð erindinu til umhverfis- og framkvæmdanefndar og skipulags- og mannvirkjanefndar til umsagnar.“

Málið var tekið fyrir á 551. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þar sem bókað var að nefndin gerði ekki athugasemdir við tillögur að breytingum á sérreglu 10, sem settar væru fram í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Hornstrandir sem kom út árið 2019. Þó taldi hún að regla nr. 2 væri of íþyngjandi og óskýr. Óskaði hún eftir samstarfi Umhverfisstofnunar og bæjarritara Ísafjarðarbæjar við útfærslu á reglu nr. 2.

Undirrituð fundaði með Axel R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, Heiðu Jack skipulagsfulltrúa og Kristínu Ósk Jónasdóttur, sérfræðingi hjá Umhverfisstofnun, vegna málsins þann 26. janúar 2021.

Málið var síðar tekið fyrir á 102. fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar þann 27. janúar 2021, þar sem bókun nefndarinnar var sú sama og á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar.

### Sérregla nr. 2 fjallar um kvikmyndatöku og ljósmyndun í friðlandinu.

Núverandi regla er eftirfarandi: „Kvikmyndataka og ljósmyndun skal ekki trufla dýralíf innan friðlandsins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka og ljósmyndun sem getur haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Stofnuninni er heimilt að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt. Sótt skal um leyfi til kvikmyndatöku innan friðlandsins ekki seinna en 30. maí ár hvert.“

Tillaga samkvæmt ofangreindu bréfi Umhverfisstofnunar er eftirfarandi:

„Kvikmyndataka og ljósmyndun skal ekki trufla dýralíf innan friðlandsins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka og ljósmyndun sem getur haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Stofnuninni er heimilt að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt. Sótt skal um leyfi til drónaflugs/kvikmyndatöku innan friðlandsins fyrir tímabilið 1. maí til 31. ágúst ekki seinna en 30. mars ár hvert. Vegna lífríkisverndar er fjöldi leyfa til myndatöku við greni í Hornvík takmarkaður við tvö leyfi á tímabilinu 1. maí -31. ágúst.“

Athugasemdir eru gerðar við orðalag um að kvikmyndataka og ljósmyndun skuli ekki trufla dýralíf og að truflun við aðra gesti skuli vera í lágmarki. Á sama hátt segir með almennu orðalagi að kvikmyndataka og ljósmyndun sem getur haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta er háð leyfi UST.

Hér verður að telja að hið almenna orðalag vísi til þess að leyfisskylda vegna kvikmyndatöku og ljósmyndun sé fortakslaus, of víðtæk og á sama tíma óljós, þar sem hvergi kemur fram hver metur og hvaða forsendur eru að baki mati á því hvað veldur truflun á dýralífi og upplifun annarra gesta, eða hvað teljist mikil truflun og hvað lítil. Eins og fyrirhugað er að reglan verði sett fram má lesa út úr henni að almenn ljósmyndun allra gesta, hvort sem er í formi ljósmynda eða myndskreiða á svæðinu, sé ávallt háð leyfi UST. Verður að telja rétt að orðalagi verði breytt til að taka af vafa um heimildir gesta til að athafna sig, s.s. í formi hefðbundinnar frístundaljósmyndatöku.

Þá segir að stofnuninni sé „heimilt að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt“, án þess að fram komi hver þessi skilyrði séu. Eðlilegt er að skilyrði fyrir veitingu leyfa séu skýr og ljós þeim sem sækja um leyfi, og komi fram í reglunni.

Næst segir að sækja skuli um „leyfi til drónaflugs/kvikmyndatöku innan friðlandsins fyrir tímabilið 1. maí til 31. ágúst ekki seinna en 30. mars ár hvert. Vegna lífríkisverndar er fjöldi leyfa til myndatöku við greni í Hornvík takmarkaður við tvö leyfi á tímabilinu 1. maí -31. ágúst.“

Samkvæmt upplýsingum frá UST er fyrirhuguð breyting á reglunni tilkomin vegna praktískra atriða við umsóknarferlið vegna kvikmyndataka við greni, þar sem mikilvægt er að búið sé að vinna umsóknir á ákveðnum tíma áður en sérfræðingur/landvörður fer inn á svæðið að vori, auk þess sem nauðsynlegt er að takmarka kvikmyndatökur við greni í Hornvík til verndar dýralífi. Verður því að telja að skýra mætti í reglunni að umsóknarferli vegna myndataka við greni séu innan ákveðinna tímamarka, en umsóknir vegna annarra myndataka og kvikmynda þurfi ekki að berast innan þessa sama tímaramma. Auk þessa er mikilvægt að fram komi í reglunni á hvaða forsendum UST byggir mat sig á umsóknum.

Lagt er til að orðalag verði eftirfarandi: „Sótt skal um leyfi til kvikmyndatöku á grenjum innan friðlandsins fyrir tímabilið 1. maí til 31. ágúst ár hvert, ekki seinna en 30. mars ár hvert. Vegna lífríkisverndar er fjöldi leyfa til myndatöku við greni í Hornvík takmarkaður við tvö leyfi á tímabilinu 1. maí -31. ágúst. Byggja skal val á umsóknum á ...“

Varðandi leyfisskyldu fyrir drónaflugi er bent á það að sérstök regla um bann við loftförum, þar með talin flygildum (drónar) innan friðlandsins er nr. 11. í sérreglum UST um umferð og dvöl innan Hornstranda. Réttara væri því að ákvæði um umsókn um leyfi fyrir drónaflugi komi fram í þeirri reglu en ekki reglu nr. 2 um kvikmyndatökur og ljósmyndun.

## **Sérregla nr. 10 fjallar um lendingu flugvéla innan friðlandsins**

Tillaga að nýrri reglu samkvæmt ofangreindu bréfi Umhverfisstofnunar er eftirfarandi:

„Óheimilt er að lenda flugvélum innan friðlandsins utan landingarstaða sem skilgreindir eru samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Undanskilið banninu eru ferðir landeiganda sem lenda á sínu landi eða eða aðila á þeirra vegum sem sinna eftirliti og viðhaldi eigna eða flutningi á vistum og birgðum vegna nýtingar og viðhalds eigna. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012, sbr. kafla 3.12.“

Ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við regluna, en bent á að unnið er að nýju aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar, sem mun hljóta nýtt heiti/ártal. Vel færi því á því að tilvísun til aðalskipulags væri án ártals, og vísað fremur til „aðalskipulags Ísafjarðarbæjar hverju sinni“.

Þá er í reglunni vísað til reglugerðar nr. 60/1998, en bent er á að ójóst er um hvaða reglugerð er átt. E.t.v. er átt við lög nr. 60/1998, um loftferðir, og færi vel á leiðréttingu þess efnis.

Bryndís Ósk Jónsdóttir

sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs